

Mál nr. 90/2018

M og

V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og

V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði Krónunnar, Grafarholti, Reykjavík 19.2.2018.

Gögn.

Málskot móttakið 8.3.2018 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-2.

Bréf V-1 dags. 28.3.2018 ásamt fylgiskjali.

Bréf V-2 dags. 3.4.2018 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði Krónunnar í Grafarholti í Reykjavík. Báðum bifreiðunum var bakkað til hægri úr stöðureitum á sama tíma frá sama hluta bifreiðastæðisins og var einni bifreið lagt á milli þeirra. Afturhorn B lenti í vinstri hlið A.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar sem að báðir ökumenn undirrita er merkt við að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak úr stöðureit og beygt. Ljóst er að ökumenn bökkðu úr stöðureit án þess að huga nægjanlega vel að umferð, í bága við fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Við mat á sakarskiptingu eru engar forsendur til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður